

1917

Fimmtudaginn 14. maí 1998.

Nr. 409/1997.

Jón Þóroddsson

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Sigurði Sívertsen

(Einar Gautur Steingrímsson hdl.)

Lögmenn. Skaðabætur. Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramenn Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar að fengnu áfrýjunarleyfi með stefnu 7. október 1997 og krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfu sinni, að fjárhæð 210.480 krónur, verði skuldafafnað við dómkröfu stefnda. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og hann hefði ekki gjafsókn, sem honum var veitt 14. maí sl.

I.

Í málinu krefur stefndi áfrýjanda skaðabóta á grundvelli þess, að hann hafi gerst sekur um vanrækslu við innheimtu eftirstöðva af vinnulaunakröfu, sem stefndi átti á Þór Guðjónsson vegna tímabilsins frá 8. ágúst til 27. nóvember 1987 og fól áfrýjanda sem lögmanni að innheimta fyrir sig. Skilja verður málatilbúnað beggja aðila þannig, að þeir miði við, að krafa stefnda sé glötuð, vegna þess að hún fékkst ekki greidd við gjaldþrotaskipti á búi Þórs árið 1992 eða úr ríkissjóði eða eftir atvikum ábyrgðasjóði launa í tengslum við skiptin.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum ábyrgðist ríkissjóður vinnulaunakröfu launþega á hendur vinnuveitanda, ef bú hans hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta. Samkvæmt alíð 1. mgr. 4. gr. laganna tók ábyrgð ríkissjóðs til kröfu um vinnulaun fyrir síðustu sex starfsmánuði launþega hjá vinnuveitanda, enda hefði krafan verið viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabú hins síðarnefnda, sbr. 84. gr. laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum

og félagsbúum o. fl. með áorðnum breytingum. Á þessu varð ekki breyting með lögum nr. 88/1990 um ríkisábyrgð á launum.

Lög nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota leystu síðastgreind lög af hólmi. Í 2. mgr. 19. gr. þeirra sagði, að ábyrgðasjóður launa ábyrgðist kröfur, sem hlotið hefðu umsögn skiptaráðanda 1. mars 1992 eða síðar.

II.

Áfrýjandi höfðaði mál fyrir stefnda til greiðslu vinnulaunakröfunnar með stefnu, birtri 17. febrúar 1989. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 19. júní sama árs var nefndur Þór Guðjónsson dæmdur til að greiða stefnukröfuna, að fjárhæð 187.100 krónur, ásamt dráttarvöxtum frá 27. nóvember 1987. Bú Þórs var tekið til gjaldþrotaskipta 2. janúar 1992. Skiptum mun hafa verið lokið 15. júní sama árs, án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur. Óumdeilt er, að kröfu stefnda var ekki lýst við gjaldþrotaskiptin.

Frestdagur við gjaldþrotaskipti á búi Þórs Guðjónssonar var 9. maí 1990. Voru þá nærri ellefu mánuðir, frá því að dómur gekk um vinnulaunakröfu stefnda, og þannig liðinn sá sex mánaða frestur, sem var skilyrði fyrir, að hún hefði, úr því sem komið var, getað notið forgangsréttar við skiptin eftir 6. tölulið 1. mgr. 84. gr. þágildandi laga nr. 3/1878, ef henni hefði verið lýst. Af því leiðir, að réttur stefnda til að krefjast greiðslu í skjóli þágildandi laga um ríkisábyrgð á launum var fallinn niður á þeim tíma, sbr. lagaákvæði þau, sem rakin voru í I. kafla.

Tjón það, sem stefndi krefst bóta fyrir úr hendi áfrýjanda, var orðið 19. desember 1989, þegar sex mánaða fresturinn eftir 6. tölulið 1. mgr. 84. gr. laga nr. 3/1878 var liðinn, án þess að áfrýjandi hafi komið fram kröfu um gjaldþrotaskipti á búi Þórs Guðjónssonar til að marka með henni frestdag og tryggja þannig forgangsrétt fyrir kröfu stefnda og ríkisábyrgð á henni. Stefndi höfðaði ekki bótamál gegn áfrýjanda fyrr en með stefnu, birtri 18. júní 1996. Stefndi hefur ekki borið fyrir sig, að eitthvað það hafi gerst fyrir þann tíma, sem hafi getað slitið fyrningu. Var skaðabótakrafa stefnda því fyrnd á þeim degi samkvæmt 1. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Þarf þá ekki að taka afstöðu til

þess, hvort sú málsókn stefnda, sem var felld niður 15. nóvember 1996, hefði nægt til að slíta fyrningu.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi sýknaður af kröfu stefnda, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Um gjafsóknarkostnað stefnda fyrir Hæstarétti fer eftir því, sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jón Þóroddsson, er sýkn af kröfum stefnda, Sigurðar Sívertsen.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 27. júní 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. maí 1997, er höfðað með stefnu, birtri 15. janúar 1997.

Stefnandi er Sigurður Sívertsen, kt. 230764-5149, Kristalstigen 6, 196-32, Kungsvägen, Svíþjóð.

Stefndi er Jón Þóroddsson, kt. 250342-4629, Hæðarbyggð 27, Garðabæ.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á 312.463 kr. auk vanskilavaxta p. a., skv. 10. gr. vaxtalaga skv. eftirfarandi:

af 228.864 kr. frá 1. 6. 1991 til greiðsludags, af 83.599 kr. frá stefnubirt-ingardegi til greiðsludags.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Í greinargerð stefnda er gerð sú gagnkrafa, að lögmannspóknun stefnda fyrir störf í þágu stefnanda, að fjárhæð 210.480 kr., verði skuldajafnað við stefnukröfur.

Dómari reyndi sættir með aðilum, en án árangurs.

Málavextir.

Stefnandi leitaði til lögmannsstofu stefnda um áramótin 1988/1989 og fól honum innheimtu launakröfu á hendur Þór Guðjónssyni, sem rak einka-firmað Alstillingu. Vinnulaunakrafan var að fjárhæð 187.200 kr. fyrir tíma-bilið 8. ágúst – 27. nóvember 1987.

Stefndi höfðaði innheimtumál f. h. stefnanda með stefnu, birtri 17. febrúar 1989. Dómur gekk í málinu 19. júní 1989, þar sem Þór Guðjónssyni vegna Alstillingar var gert að greiða stefnanda 187.200 kr. auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Þór Guðjónsson var tekinn til gjaldþrotaskipta með gjaldþrotaúrskurði, upp kveðnum 2. janúar 1992 og birtum í Lögbirtingablaði 31. janúar 1992. Innköllunarfresti lauk 31. mars 1992. Frestdagur við skiptin var 9. maí 1990. Skiptalok voru 15. júní 1992. Búið reyndist eignalaust.

Í stefnu er því haldið fram, að þegar dómur féll í máli stefnanda á hendur Þór Guðjónssyni, hafi krafa stefnanda verið með forgangsrétti í bú Þórs, enda um vinnulaunakröfu að ræða, jafnframt því sem hún gat notið greiðslna úr Ríkisábyrgðasjóði, sbr. 1. tl. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 3/1878 og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 23/1985. En þegar hér hafi verið komið sögu, hafi 18 mánaða fresturinn verið liðinn, en samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 3/1878 hafi stefndi þá haft sex mánuði til að gera árangurslaust fjárnám og biðja um gjaldþrotaskipti á búi Þórs Guðjónssonar. Þá hefði krafan ásamt öllum kostnaði verið greidd úr ríkissjóði. Trúlega hefði málið mátt dragast enn lengur án þess að tapa forgangsrétti í þrotabú Þórs, ef fjárnáminu hefði verið haldið áfram með hæfilegum hraða, þótt tafir hefðu orðið á málinu, t. d., ef ekki hefði náðst til Þórs þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, m. a. þar sem gerðir fógeta voru dómsathafnir.

Síðan dómur gekk, hefði ekki verið gerður neinn reki að innheimtu kröfunnar. Á þessum tíma hafi fallið niður forgangsréttur og ríkisábyrgð, en af bréfi stefnda frá 17. nóvember 1992, dskj. nr. 6, megi ráða, að stefnda hafi verið kunnugt um bága fjárhagsstöðu Þórs, enda virðist honum hafa verið ljóst, að gjaldþrotamál hafi verið til meðferðar á Þór um árabíl, þar sem hann hafi strax árið 1989 verið byrjaður að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins. Þetta hafi gefið stefnda sérstakt tilefni til að biðja um fjárnám og halda málinu í gangi með hæfilegum hraða, þannig, að aldrei yrði slit á fyrningu.

15. júní 1992 gerði stefnandi með bréfi til Lögmannafélags Íslands reka að því að fá upplýsingar um gang innheimtumálsins og hvort stefndi hefði klúðrað réttinum til greiðslu úr Ríkisábyrgðasjóði. Viðbrögð stefnda urðu þau, að hann sendi Lögmannafélagi Íslands bréf 17. nóvember 1992. Í bréfinu segir stefndi m. a., að þar sem innköllun í þrotabú Þórs Guðjónssonar hafi farið fram hjá honum, hafi launakröfu stefnanda ekki verið lýst í búið, og sé ríkisábyrgðin því niður fallin, hafi hún verið nokkur. Sé svo, viðurkenni hann skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda, fái hann kröfuna ekki greidda hjá lögmanni Þórs alveg á næstunni.

Í bréfi lögmannafélagsins til stefnda, dagsettu 19. nóvember 1992, telur stjórn félagsins aðfinnsluverða tregðu stefnda við að veita skjólstæðingi sínum upplýsingar um gang innheimtumálanna svo og framkomu lögmannsins gagnvart skjólstæðingi sínum, eins og henni sé lýst í erindi stefnanda, sem stefndi hafi ekki andmælt.

10. desember 1992 var stefnda sent bréf og lagðar fyrir hann hugmyndir að uppgjöri milli hans og stefnanda. Engin svör bárust frá stefnda, og voru honum sendar ítrekanir 30. mars 1993 og 11. febrúar 1994.

Í kjölfar síðasta bréfs lögmanns stefnanda ritaði stefndi Ábyrgðasjóði launa og bað um tilteknar upplýsingar. Efnislega kemur fram í svarbréfi sjóðsins, að krafa stefnanda hafi ekki verið forgangskrafa, þegar beiðni um töku bús Þórs til gjaldþrotaskipta var fyrst lögð fram 9. maí 1990. Ástæðurnar séu tvær; annars vegar taldist þetta ekki lengur forgangskrafa vegna þess tíma, sem liðinn var frá uppkvaðningu dóms og þar til beiðnin var lögð fram, og hins vegar, þar sem ekki var sótt um það til sjóðsins.

21. febrúar 1994 hafnaði stefndi skaðabótaskyldu sinni á þeim forsendum, að krafan hefði ekki verið viðurkennd sem forgangskrafa gagnvart þrotabúinu.

Af hálfu stefnanda kemur fram, að það hafi fyrst verið að fengnum þessum upplýsingum, sem fram komu í bréfi Ábyrgðasjóðs launa til stefnda, að ljóst var, að stefndi hefði vanrækt þær skyldur sínar að viðhalda forgangsrétti og ríkisábyrgð á kröfunni umfram það að lýsa ekki kröfu í búið. Hefði hann þó rækilega verið inntur eftir nákvæmum upplýsingum um málið. Hinn 28. september var ítrekuð krafan um skaðabætur úr hendi stefnda.

Stefnandi höfðaði mál á hendur stefnda vegna kröfu máls þessa með stefnu, þingfestri 25. júní 1996. Málið var fellt niður 15. nóvember 1996, er í ljós kom, að það var höfðað í nafni annars manns en við átti.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi aðilaskýrslu. Hann kvaðst hafa óskað eftir því öðru hverju, meðan stefnandi var í viðskiptum við lögmannstofuna, að stefnandi greiddi inn á reikning vegna lögmannspjónustu, en til þess hefði stefnandi aldrei haft burði. Það hefði verið föst venja að krefja umbjóðendur um greiðslu upp í þóknun, ef verkefni stóð einhvern tíma. Þá hefði aldrei verið um það samið milli hans og stefnanda, að stefndi legði út fyrir stefnanda vegna málarekstrarins. Aldrei hefði komið til greina að leggja út fyrir gjaldþrotatryggingu eða þess háttar, þar sem stefnandi stóð illa fjárhagslega. Hefði stefndi þá raunverulega tekið þá áhættu að fá ekki endurgreiðslu. Hann taldi fjárhagsstöðu Þórs Guðjónssonar hljóta að hafa verið bágborna, er hann tók launakröfuna til innheimtu, þar sem hann skuldaði stefnanda laun. Hann kvaðst einu sinni hafa náð símasambandi

við Þór Guðjónsson, sem hefði lofað öllu fögru og greiðslum fyrir milli-göngu lögmanns síns. Það hefði ekki staðist. Annars hefði gengið illa að ná í hann. Hann hefði flakkað á milli staða. Hann kvað ekki hafa reynt á gjaldfærni Þórs á þessum tíma. Sér hefði fyrst orðið ógjaldfærni Þórs ljós, er hann hafði margreynt að gera fjárnám hjá honum, en hann ekki hist fyrir. Þá hefði hann frétt, að Þór væri kominn í skiptaréttinn og gjaldþrotakrafa þar fyrirbyggjandi á hann. Ekki mundi hann, hvort þetta var árið 1990 eða 1992. Stefndi taldi sig hafa gegnt skyldum sínum gagnvart stefnanda til fullnustu og hefði verið margbúinn að bera sig upp við félagsmálaráðuneytið á þessum tíma. Aldrei hefði komið til þess, að hann gæti lýst kröfu í bú Þórs, fyrr en seint og um síðir, þar sem aldrei hefði tekist að birta skipta-stefnu á hendur Þór. Hann kvaðst hafa reynt að knýja á um, að Þór yrði úrskurðaður gjaldþrota, en alltaf fengið sama svar hjá skiptaráðanda. Þó kvaðst hann hafa verið með „klára“ kröfu til að lýsa, þegar Þór yrði úrskurðaður gjaldþrota, en gjaldþrotakröfur hefðu legið fyrir mánuðum saman. Aðspurður, hvort hann hefði ekki séð ástæðu til að krefjast sjálfur gjaldþrotaskipta á búi Þórs með tilliti til sex mánaða reglunnar, svaraði stefndi því til, að vegna tregðu félagsmálaráðuneytisins hefði hann gert stefnanda grein fyrir því, að vissara væri að krefjast sjálfur gjaldþrots. Hann hefði sagt stefnanda, hvað það kostaði. En alltaf hefði verið sama sagan, engir peningar til. Stefndi kvaðst aldrei hafa talið öruggt, að krafan fengist viðurkennd, og því ekki talið verjandi að leggja í stórfelldan kostnað, meðan mál væri í skiptarétti. Hann hefði gert sér grein fyrir því, að kröfu sem þessari þyrfti að halda til haga. Loks kvað hann innköllun hafa farið fram hjá lögmannsstofunni, þegar hún birtist að lokum.

Vitnið Elín Rögnvaldsdóttir, sem starfaði á skrifstofu stefnda á umræddu tímabili, gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Vitnið mundi eftir stefnanda, sem oftast hefði komið á stofuna en gengur og gerist, og hefði hann virst ráðvilltur og haft þörf fyrir að ræða mál sín. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir því, hvort stefndi hefði óskað eftir, að stefnandi greiddi inn á reikning. Vitnið kvað vinnureglu stofunnar hafa verið þá, þegar mál komu í innheimtu, að fólki hefði verið gerð grein fyrir því, að það þyrfti að bera kostnað af rekstri málsins. Stefndi hefði fylgst grannt með því, að mál söfnuðu ekki kostnaði og að menn greiddu inn á mál sín, bæði útlagðan kostnað og upp í lögmannspóknun. Vitnið kvað sérstakan reikning ekki hafa verið gerðan, er menn greiddu inn á mál sín. Stefndi hefði beðið um, að menn greiddu inn á málin, það væri kominn þessi eða hinn kostnaður eða að tiltekinn kostnaður kæmi. Hefðu menn þá greitt og fengið kvittun.

Um sundurliðun stefnukröfunnar vísar stefnandi til dskj. nr. 15, sem er

svarbréf Ábyrgðasjóðs launa við bréfi lögmanns stefnanda, dagsettu 7. desember 1995. Samkvæmt bréfi sjóðsins hefði stefnandi fengið 228.864 kr. greiddar úr sjóðnum miðað við fyrirbyggjandi gögn, ef krafan hefði notið ábyrgðar sjóðsins.

Nánar sundurliðað þannig:

Höfuðstóll vangoldinna launa	kr.	187.000
Skattur	–	–76.115
Lífeyrissjóður	–	–7.484
Krafa, sem nýtur ábyrgðar	–	103.501 (?)
Vextir	–	125.363
Samtals til greiðslu		kr. 228.864

Við þessa fjárhæð bætir stefnandi skyldu til greiðslu skatta og lífeyrissjóðsiðgjalda, en ljóst sé, að stefnandi verði að standa skil á slíku, þegar eða ef þar að komi.

Stefnukrafan sundurliðist því þannig:

Það, sem fengist hefði greitt úr Ábyrgðasjóði launa	kr.	228.864
Skattur	–	76.115
Lífeyrissjóður	–	7.484
Samtals		kr. 312.463

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Við það er miðað, að bótaskylda stefnda felist í því, að hann hafi vanrækt þær skyldur, sem á honum hvíldu gagnvart stefnanda og grundvölluðust á lögum um málflytjendur og samningssambandi hans og stefnanda. Sú vanræksla hafi valdið stefnanda tjóni, sem fólst í því, að hann tapaði þeim vinnulaunum, sem hann fól stefnda að innheimta samkvæmt framangreindri sundurliðun. Vanrækslan hafi falist í því að reka málið ekki með eðlilegum hraða og sérstaklega að hefjast ekki handa við að tryggja kröfu stefnda með fjárnámi og biðja um gjaldþrot í beinu framhaldi þess. Gjaldþrotabeidni hefði markað frest dag og þar með hindrað öll hugsanleg réttarspjöll.

Stefndi geti ekki skotið sér á bak við það, að honum hafi ekki verið skylt að leggja í útlagðan kostnað við innheimtu kröfunnar, þar sem hann gaf stefnanda aldrei kost á að reiða fram fjármuni í því skyni að halda innheimtunni áfram. Aldrei hafi verið eftir slíku leitað. Stefnandi hafi aftur á móti reynt eftir fremsta megni að fylgjast með gangi mála, en fengið takmarkaðar upplýsingar.

Af völdum stefnda hafi ekki verið unnt að krefja hann um skaðabætur á þeim grundvelli, sem mál þetta byggist á, fyrir en eftir að upplýsingar komu fram á dskj. 11. Þá hafi stefnandi reynt eftir öðrum leiðum en með höfðun dómsmáls að ná fram uppgjöri við stefnda. Við þessar aðstæður geti stefndi því ekki takmarkað skyldur sínar til greiðslu dráttarvaxta með vísan til 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Skyldur stefnda hvíla annars vegar á samningssambandi hans við stefnanda og hins vegar á ákvæðum laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

1. Samningssambandið.

Sérfræðingur, sem taki að sér verk fyrir annan mann, skuldbindi sig eðli máls og venju samkvæmt jafnframt til þess að vinna verkið með hæfilegum hraða, af kostgæfni og gæta þess í hvívetna, að hagsmunir þess, sem til hans leitar, spillist í engu.

2. Ákvæði laga.

Í 1. gr. laga um málflytjendur sé við það miðað, að lögmenn séu opinberir sýslunarmenn. Leggi það þeim talsverðar skyldur á herðar. Skv. 1. mgr. 80. gr. (sic) laganna beri lögmanni að rækja skyldur sínar gagnvart skjólstæðingi með trúmennsku og samviskusemi. Sé því haldið fram, að gagnvart stefnanda hafi þetta farið úrskæðis samkvæmt því, sem að framan greinir.

3. Codex ethicus.

Siðareglur lögmanna hljóti að teljast fyllingarreglur í samningssambandi lögmanns og skjólstæðings og verði því hluti af samningi þeirra jafnframt því, sem þær hafi stoð í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Stefnandi vísar m. a. til 8. gr., sbr. 1. gr. og 12. gr. codex ethicus fyrir LMFÍ. Í þessu sambandi sé athygli vakin á því, að í 12. og 15. gr. sé skylda lögmanna til að afstýra réttarspjöllum sett skör herra en aðrir hagsmunir.

Því sé fram haldið, að með því að stefndi höfðaði upphaflega mál í nafni annars manns, sbr. fram lagðan dóm frá 19. júní 1989, hafi krafan milli stefnanda og Þórs Guðjónssonar fyrnst af völdum stefnda, sem hljóti að bera ábyrgð á þeirri handvömm.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Á það er bent, að stefnandi hafi átt í svo miklum fjárhagsörðugleikum á þeim árum, sem koma við sögu, að hann hafi rambað á barmi gjaldþrots og hefði sennilega orðið gjaldþrota, ef stefndi hefði ekki haft milligöngu um að útvega honum lán til bjargar.

Eins og fram komi í bréfi stefnda til lögmanns síns, dskj. 20, greiddi stefnandi allan þennan tíma ekki svo mikið sem eina krónu þrátt fyrir til-

mæli stefnda um smágreiðslu í reikning. Úr því að málum var svo háttað, hafi stefnda engin skylda borið til að leggja út fé fyrir stefnanda fyrir árangurslausri aðfarargerð og síðar gjaldþrotabeiðni. Það sé og viðurkennt í bréfi lögmanns stefnanda til stefnda á dskj. nr. 13, að lögmönnum beri ekki skylda til að leggja út fé fyrir skjólstæðinga sína, nema sérstaklega hafi verið um það samið. Enginn slíkur samningur hafi legið fyrir milli stefnanda og stefnda. Í þessu sambandi sé bent á 17. gr. í codex ethicus fyrir Lögmannafélag Íslands. Því sé ekki við stefnda að sakast, að launakrafa stefnanda fékkst eigi greidd úr ríkissjóði, sbr. áður 4. gr. a laga nr. 23/1985 um ríkisábyrgð á launum, sbr. 84. gr., 1. og 6. tl., skiptalaga nr. 3/1878 og síðar 4. gr. a laga nr. 88/1990 um ríkisábyrgð á launum, sbr. enn síðar 5. gr. a laga nr. 52/1992 um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrots, sbr. og 112. gr., 1. tl., og 2. mgr. laga um gjaldþrotaskipti o. fl. nr. 21/1991.

Þegar framangreindur dómur hafi gengið í héraði 19. júní 1989, hafi verið liðinn átján mánaða fresturinn skv. 6. tl. 1. mgr. 84. gr. laga nr. 3/1878, þar sem meira en átján mánuðir voru liðnir frá gjalddaga launakröfunnar og upphaf skipta hafi verið 9. maí 1990, meira en sex mánuði frá dómsuppsögu. Samkvæmt því hefði launakrafa stefnanda ekki fengist viðurkennd sem forgangskrafa í þrotabúi Þórs Guðjónssonar, og þar af leiðandi hefði hún eigi verið greidd úr Ábyrgðasjóði launa.

Þá sé enn og aftur ítrekað, að stefnda hafi ekki verið skylt að fjármagna málaferli stefnanda gegn Þór Guðjónssyni. Þá sé sýknukrafa í máli þessu og reist á því, að stefnukröfur séu fyrndar skv. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

Eins og áður hafi verið dregið á, hafi stefnandi ekkert greitt stefnda fyrir lögmannspjónustu þá, er hann veitti honum. Fari svo ólíklega, að stefndi verði talinn skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda vegna vanrækslu í starfi, sé sett fram sú gagnkrafa af hálfu stefnda, að lögmannspóknun hans fyrir störf í þágu stefnanda, að fjárhæð 210.480 kr., verði skuldajafnað við stefnukröfur.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ekki tölulegur ágreiningur um stefnukröfur. Ágreiningur aðila lýtur að því, hvort stefndi hafi bakað sér bótaábyrgð gagnvart stefnanda með því að halda ekki til laga innheimtu launakröfu stefnanda, þannig, að tryggt væri, að hún fengist viðurkennd í þrotabúi Þórs Guðjónssonar sem forgangskrafa og fengist þar með greidd ásamt vöxtum og kostnaði úr Ábyrgðasjóði launa. Þá er deilt um það, hvort krafa stefnanda á hendur stefnda sé fyrnd og hvort stefndi eigi gagnkröfur á hendur stefnanda, sem hafa megi til skuldajafnaðar við kröfur stefnanda.

Í máli þessu er ósannað, að stefndi hafi kafið stefnanda um greiðslu upp í kostnað og lögmannsþóknun, að stefndi hafi gefið stefnanda kost á að leggja fram tryggingarfé vegna gjaldprotabæiðni eða greint honum frá því, að vissara væri að biðja um gjaldprot á búi Þórs Guðjónssonar, svo að tryggt væri, að krafan fengist viðurkennd sem forgangskrafa og yrði þar með greidd úr ríkissjóði. Að sönnu bar stefnda ekki skylda sem lögmanni stefnanda að leggja sjálfur út fyrir gjaldprotatryggingu, en á hinn bóginn bar honum að gefa stefnanda sjálfum kost á því.

Stefnandi gaf ekki aðilaskýrslu við aðalmeðferð málsins, eins og gert var ráð fyrir í stefnu. Þar sem hann var hvorki kvaddur fyrir dóminn samkvæmt 2. mgr. né 3. mgr. 48. gr. laga nr. 91/1991, verður ákvæði 2. mgr. 50. gr. sömu laga þó ekki beitt um þögn hans stefnda í hag.

Upplýst þykir, að stefnda var kunnugt um bága fjárhagsstöðu Þórs Guðjónssonar, er dómur gekk í máli stefnanda gegn Þór 19. júní 1989. Stefnda mátti jafnframt vera ljóst með hliðsjón af gjalddaga launakröfunnar, að krafan fengist eigi viðurkennd sem forgangskrafa í bú Þórs Guðjónssonar og eigi greidd úr Ábyrgðasjóði launa, nema upphaf skipta á búi hans yrði innan sex mánaða frá uppkvaðningu dómsins. Þrátt fyrir það, sem að framman greinir, hefur stefndi ekkert fært fram, sem geri það líklegt, að hann hafi gert tilraun til innheimtu kröfunnar árið 1989.

Í málinu er þannig ekki annað komið fram en halda hefði mátt innheimtunni til laga, ef stefndi hefði sinnt skyldum sínum. Hefur stefnandi því orðið fyrir tjóni, sem rakið verður til mistaka stefnda.

Af framangreindu leiðir, að stefndi er skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Dómurinn telur fyrri málshöfðun á hendur stefnda vegna þessa sakarfnis hafa rofið fyrningarfrest kröfunnar, enda mátti rekja notkun rangrar kennitölu stefnanda í því máli til stefnda sjálfs. Þetta mál var höfðað innan sex mánaða, frá því að fyrra mál var fellt niður, og er sýknukröfu vegna fyrningar þegar af þeirri ástæðu hafnað.

Dómurinn telur gagnkröfur stefnda of óljósar, órökstuddar og án nægra gagna, svo að taka meg þær til greina til skuldajafnaðar við stefnukröfur.

Samkvæmt framansögðu ber að taka höfuðstól kröfu stefnanda til greina í heild sinni, en honum hefur ekki verið mótmælt tölulega.

Með hliðsjón af atvikum málsins þykir rétt að ákveða samkvæmt 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, að stefndi greiði dráttarvexti af höfuðstól stefnukröfunnar samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá málshöfðun máls þessa 15. janúar 1997 til greiðsludags.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilega þykir ákveðinn 80.000 krónur.

Mál þetta var flutt og dómtekið 9. maí 1997, en vegna embættisanna dómara hefur dómsuppsaga dregist.

Dómari og lögmenn telja málflutning að nýju óþarfan.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Þóroddsson, greiði stefnanda, Sigurði Sívertsen, 312.463 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. janúar 1997 til greiðsludags og 80.000 krónur í málskostnað.
